

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
13. maí 2011	
8.12.0	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. maí 2011
Tilvísun: UST20110400091/jbw

Efni: Eldi á senegalflúru við Reykjanesvirkjun HS Orku, Reykjanesbæ

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags 12. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

Framkvæmdalýsing

Í greinargerð fyrir Skipulagsstofnun um eldi á senegalflúru kemur fram að fiskeldið er fyrirhugað á landi í eigu HS Orku og skilgreint sem iðnaðarsvæði. Fiskeldisstöðin verður staðsett í um 600 m fjarlægð vestan við Reykjanesvirkjun HS Orku. Fyrirhuguð ársframleiðsla á söluhæfum fiski verður 2000 t. Fyrsta skrefið verður að reisa seiðastöð og mun fyrirtækið Stolt Sea Farm flytja inn hrygningarstofn frá stöðvum sínum á Spáni. Í fyrstu verður seiðaeldisstöð byggð fyrir framleiðslugetu á allt að 2 milljónum af 10 gr. seiðum og síðan verður árframræktunarstöð fyrir seiðin byggð í einingum, í fyrstu fyrir 500 t árframleiðslu, og verður mannvirkjum síðan bætt við og er áætlað að eftir 5-7 ár hafi eldið náð ná fullri ársframleiðslu á söluhæfum fiski eða 2000 t. Heildar flatarmál land sem fara mun undir fiskeldisstöðina og tilheyrandi mannvirki er áætlað um 70.000 m². Svæði undir fyrirhugaðar borholur til sjótöku eru þar fyrir utan.

Umhverfisáhrif

Áhrif á framkvæmdartíma, jarðrask

Eldhraun, náttúruvernd: Umhverfisstofnun bendir á ósamræmi í greinargerð um fiskeldið. Í kafla 8.1 er svo metið að áhrif á eldhraun verði verulega neikvæð en í töflu 8.3 um samantekt umhverfisáhrifa á framkvæmdatíma kemur fram að áhrifin verði eingöngu nokkuð neikvæð. Umhverfisstofnun bendir á að eldhraun nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og að forðast skuli rask á þeim eins og kostur er. Ljóst er að fyrirhugað er að slétta eldhraun og umbylta landi á 7 ha svæði í tengslum við fiskeldið og vegna borunar sjótökuhola þar fyrir utan og að slíkt rask á eldhrauni hljóti að vera óafturkræft. Að mati stofnunarinnar ætti að meta áhrif á eldhraun á framkvæmatíma verulega neikvæð óafturkræf

og staðbundin vegna þessa.

Gróður: Umhverfisstofnun bendir á að í kafla 8.2 um gróður eru ekki metin einkenni eða vægi áhrifa, sbr. leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda frá árinu 2005, eingöngu er svo metið að áhrifin á gróður verði staðbundin innan lóðar. Í töflu 8.3 eru áhrifin hins vegar metin óveruleg. Að mati stofnunarinnar ætti að meta áhrif á gróður á framkvæmatíma verulega neikvæð og staðbundin en þó afturkræf vegna þess að landi innan lóðar verður umbylt við framkvæmdir.

Sjónræn áhrif, umfang mannvirkja: Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð um fiskeldið er ekki lagt mat á sjónræn áhrif, hvorki einkenni né vægi áhrifa. Ljóst má vera að þrátt fyrir að mesta hæð fyrirhugaðra mannvirkja verði ekki meiri en 7 metrar verður umfang mannvirkja mikið og ekki minni en umfang núverandi mannvirkja Reykjanesvirkjunar.

Samantekt á áhrifum á framkvæmdatíma: Í töflu 8.3. eru tekin saman umhverfisáhrif á framkvæmdatíma eins og áður hefur komið fram. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að endurskoða vægi áhrifa á flestum umhverfisþáttum í töflunni sem að mati stofnunarinnar eru metin of væg. Umbylting lands innan lóðar og bygging umfangsmikillar mannvirkja mun að mati stofnunarinnar hafa verulega staðbundin neikvæð áhrif á eldhraun, eins og áður hefur komið fram, gróður og ásýnd (sjónræn áhrif) lands. Að mati stofnunarinnar má þess má búast við að talsverð neikvæð áhrif verði á útivist á svæðinu og þar með á samfélag.

Áhrif á rekstrartíma

Frárennsli: Fiskeldisstöðin mun nýta um 35°C heitt affalsvatn frá Reykjanesvirkjun sem í dag fer ónýtt frá henni í bunustokk og niður í fjöru. Ekki kemur fram hvernig kæla eigi affalsvatnið frá virkjuninni sem er nú 75°C samkvæmt umfjöllun á bls. 7 í greinargerðinni. Frárennsli frá fiskeldinu mun síðan fara í sama bunustokk og blandast þar affalsvatni frá virkjuninni sem endar í fjörunni.

Í greinargerð um fiskeldið eru áhrif frárennslis talin verða óveruleg. Miðað er við að frárennsli frá fiskeldinu muni eingöngu hækka magn svifagna (úrgangur og saur úr kerjum) í bunustokksvatninu um 1-3 mg/l og að magn fosfórs, ammóníaks og níturs vegna fóðrunar muni eingöngu mælast 0-2 mg/l sökum góðrar föðurnýtingar og mikillar þynningar í bunustokknum. Stofnunin bendir í þessu sambandi á að í viðmiðunarskýrslu BAT "*Beste tilgjengelige teknikker (BAT) for fiskeoppdrett i Norden*" frá árinu 2005 kemur fram að u.þ.b. 52% af köfnunarefni og 63% af fosfór úr föðri endi í umhverfinu ef miðað er við fóðrunarstuðulinn 1.04. Umhverfisstofnun bendir einnig á að þrátt fyrir mikla þynningu frárennslis frá eldinu í bunustokki sé hugsanlegt að sýnileg áhrif í fjörunni komi fram vegna uppsöfnunar lífræns úrgangs frá fiskeldinu. Í fylgiskjali 1 með reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 kemur fram að við útrás þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka megi ekki vera útfellingar, froða eða önnur sýnileg áhrif. Umhverfisstofnunin telur ástæðu til að skoða sérstaklega frárennsli í starfsleyfi fyrir fyrirhugað eldi. Stofnunin telur að gera þurfi kröfur um aukna tíðni og umfang vöktunar í fjörunni frá því sem nú er á vegum Reykjanesvirkjunar eftir að fráveituvatni frá eldinu hefur verið veitt í bunustokkinn svo að hægt sé að meta hvort að ástæða sé til að hreinsa fráveituvatnið eftir því sem eldið vex áður en því er veitt í bunustokkinn. Með þessu móti megi koma í veg fyrir neikvæð áhrif frárennslisins á umhverfið. Þetta telur Umhverfisstofnun einkum mikilvægt því að staðsetning enda bunustokksins uppfyllir ekki kröfur í 9. gr. framangreindrar reglugerðar um að öllu skólpi

sem veitt er til sjávar skuli veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruþorð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum.

Samantekt á áhrifum á rekstartíma: Umhverfisstofnun bendir á eftirfarandi ósamræmi og að bæta verði úr því. Í samantekt á helstu áhrifum á rekstartíma í kafla 8.11.1 eru ekki talin upp einkenni og vægi áhrifa líkt og í kafla 8.10.4 um samantekt umhverfisáhrifa á framkvæmdatíma.

Innflutningur á framandi fisktegund, smithætta


Í greinargerð um fiskeldið kemur fram að frárennsli frá fiskeldinu muni í fyrstu blandast 75°C heitu affalsvatni frá Reykjanesvirkjun í bunustokk til sjávar, sem fer niður í 35-40°C við stækkun virkjunarinnar, og að hrogn, seiði og sýklar frá fiskeldinu muni drepast við blöndunina. Í viðauka með greinargerð um fiskeldið er lagt mat á smithættu vegna áforma um fyrirhugað eldi senegalflúru. Í því mati kemur fram að ekki sé talin smithætta umfram annað fiskeldis hér á landi. Umhverfisstofnun bendir á að mun hærra hitastig þurfi til að drepa bakteríur og veirur en verður í affalsvatni Reykjanesvirkjunar í bunustokki eða að lágmarki yfir 121°C. Því þurfi að greina frá aðferð/aðferðum til að koma í veg fyrir slíkt smit út í íslenska náttúru. Umhverfisstofnun bendir einnig á að þegar sótt er um leyfi til innflutnings á senegalflúru eru skilyrði fyrir leyfisveitingu að fram hafi farið áhættumat skv. lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra, sbr. 5. gr. laganna um að meta eigi m.a. hættu á því hvort viðkomandi tegund geti sloppið út í umhverfið og þá hvaða áhrif það kunni að hafa á lífríkið.

Niðurstaða


Að mati Umhverfisstofnunar eru megin áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar tengdar raski á ósnortnu eldhrauni, sjónrænum áhrifum fyrirhugaðra mannvirkja, áhrifum vegna mengaðs frárennslis frá eldinu og hættu á smiti frá eldinu í íslenska náttúru. Umfang rasks á eldhrauni er að mati stofnunarinnar verulegt enda mun framkvæmdin umbylta yfir 7 ha svæði í tengslum við framkvæmdina. Eldhraun njóta sérstakrar verndar skv. ákvæðum 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Í stefnumörkun stjórnvalda um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020 sem ber heitið Velferð til framtíðar er stefnt að aukinni verndun jarðmyndana og að forgangsmál í verndun jarðmyndana á næstu árum lúta að vernd valinna jarðhitasvæða, eldgíga og nútímahrauna. Vegna þessa telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að vernda beri eins og kostur er núverandi eldhraun og lágmarka einnig rask þeirra. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að kanna hvort að hægt sé að staðsetja mannvirki utan hrauna eða á svæðum þar sem hrauni hefur þegar verið raskað.

Að framansögðu er það álit Umhverfisstofnunar að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst



Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri



Jóhanna Björk Weissappel
Sérfræðingur